

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/23/01		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að ljúka fyrirbyggjandi máli um aðstoð þar sem EFTA-ríki hefur samþykkt viðeigandi ráðstafanir – Ákvörðun 010/17/COL	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2017/EES/23/02		Dómur dómstólsins frá 22. september 2016 í máli E-29/15 – Sorpa bs. gegn Samkeppniseftirlitinu	2
2017/EES/23/03		Beiðni Borgarting lagmannsrett dagsett 27. september 2016 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Yara International ASA gegn norska ríkinu, þar sem fjármálaráðuneytið er í fyrirsvari (Mál E-15/16)	3
2017/EES/23/04		Beiðni Frostating lagmannsrett dagsett 24. október 2016 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Fosen-Linjen AS gegn AtB AS (Mál E-16/16)	4
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/23/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8379 – SGID/Hellenic Republic/IPTO) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2017/EES/23/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8388 – Ares/Baupost/Nova Eventis) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2017/EES/23/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8408 – Cinven/CPPIB/Travel Holdings Parent Corporation)	7
2017/EES/23/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8421 – Westrock/MPS)	8
2017/EES/23/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8426 – Linde/PJSC Power Machines/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9

2017/EES/23/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8431 – OMERS/AIMCo/ Vue/Dalian Wanda Group/UCI Italia/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2017/EES/23/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8462 – KKR/CDPQ/USI Insurance Services) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2017/EES/23/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8361 – Qatar Airways/Alisarda/Meridiana)	12
2017/EES/23/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8413 – Engie/Omnès Capital/Prédica/Engie PV Besse/Engie PV Sanguinet)	12
2017/EES/23/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8428 – CVC/Żabka Polska)	13
2017/EES/23/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8430 – AŮW/Siemens/Egrid)	13
2017/EES/23/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8442 – Ardian/Groupe Prosol)	14

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að ljúka fyrirbyggjandi máli um aðstoð þar sem EFTA-ríki hefur samþykkt viðeigandi ráðstafanir 2017/EES/23/01

Eftirlitsstofnun EFTA hefur lagt til viðeigandi ráðstafanir sem stjórnvöld á Íslandi hafa samþykkt í tengslum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	25. janúar 2017
Málsnúmer	78027
Ákvörðun	010/17/COL
EFTA-ríki	Ísland
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	Ákvörðun um að ljúka máli varðandi notkun raforkuframleiðenda á Íslandi á landi og náttúruauðlindum í opinberri eigu
Lagastoð	Ýmiss konar
Tegund aðstoðar	Ekki ríkisaðstoð
Nánari upplýsingar	Eftirlitsstofnun EFTA telur að ráðstafanir, sem stjórnvöld á Íslandi hafa gert og skuldbindingar af þeirra hálfu til að breyta fyrirkomulagi varðandi notkun íslenskra raforkuframleiðenda á náttúruauðlindum í opinberri eigu svo og endurskoðun og breytingar á núgildandi samningum við raforkuframleiðendur, muni tryggja að núgildandi aðstoðarkerfi verði afnumið. Þar af leiðandi hefur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að ljúka málinu.

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2017/EES/23/02

frá 22. september 2016

í máli E-29/15

Sorpa bs.

gegn

Samkeppniseftirlitinu

(Misnotkun yfirburðastöðu – Hugtakið fyrirtæki – Byggðasamlag sveitarfélaga – Meðhöndlun úrgangs – Þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu – Viðskiptaáðilum mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum – Verðmismunun)

Hinn 22. september 2016 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-29/15 Sorpa bs. gegn Samkeppniseftirlitinu – BEIDNI Hæstaréttar skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á EES-samningnum, einkum 54. gr. Dóminn skipuðu dómarmir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Per Christiansen og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Sveitarfélag getur talist fyrirtæki í skilningi 54. gr. EES-samningsins þegar það sinnir efnahagsstarfsemi sem felur í sér að það bjóði vörur eða þjónustu á markaði. Þegar skorið er úr um hvort starfsemi á borð við meðferð úrgangs teljist efnahagsleg, verður að taka mið af því hvort samkeppni frá einkaaðilum sé til staðar. Verður í því sambandi að vega þá staðreynd, að gjaldið sem innheimt er fyrir þjónustu við meðhöndlun úrgangs má ekki vera hærra en kostnaður sem af því hlýst, á móti samkeppni á markaðinum.
2. Meðhöndlun úrgangs getur talist þjónusta er hefur almenna efnahagslega þýðingu í skilningi 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Er það landsdómstólsins að meta hvort beiting 54. gr. EES-samningsins geri sveitarfélögunum ókleift að veita þá þjónustu við meðhöndlun úrgangs sem þeim hefur verið falin, eða veita hana með skilyrðum sem eru viðunandi efnahagslega.
3. Þegar skorið er úr um hvort opinber stofnun teljist fyrirtæki í skilningi samkeppnisreglna EES-samningsins þegar hún veitir þjónustu við meðhöndlun úrgangs, skiptir ekki máli hvort stofnunin sé sveitarfélag eða byggðasamlag sem mörg sveitarfélög standa saman að.
4. Ákvæði 54. gr. EES-samningsins gilda ekki um samkeppnishamlandi háttsemi fyrirtækja sem mælt er fyrir um í landslögum, eða tilvik þar sem landslög skapa lagaramma sem sjálfur útilokar alla möguleika þeirra á samkeppnishæfri starfsemi. Þó getur 54. gr. EES-samningsins átt við ef landslög girða ekki fyrir að fyrirtæki geti að eigin frumkvæði komið í veg fyrir, takmarkað eða raskað samkeppni.
5. EES-ríki sem með löggjöf sinni veitir opinberum aðilum undanþágu frá beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins, til dæmis með því að veita þeim sérstök réttindi eða einkarétt, verður að gera slíkt í samræmi við samkeppnisreglur EES-samningsins, sérstaklega 1. mgr. 59. gr.
6. Eigendur byggðasamlags geta talist viðskiptaáðilar þess í skilningi c-liðar 2. mgr. 54. gr. EES-samningsins, nema þau myndi eitt fyrirtæki ásamt byggðasamlaginu.
7. Með því að veita eigendum afslátt, sem aðrir viðskiptavinir njóta ekki, veikir ráðandi fyrirtæki samkeppnisstöðu annarra viðskiptavina í skilningi c-liðar 2. mgr. 54. gr. EES-samningsins, að því tilskildu að þau fyrirtæki séu keppinautar eigenda hins ráðandi fyrirtækis á markaði sem er aðliggjandi eða frálíggjandi þeim markaði sem fyrirtækið er ráðandi á.

**Beiðni Borgarting lagmannsrett dagsett 27. september 2016 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í máli Yara International ASA gegn norska ríkinu, þar sem
fjármálaráðuneytið er í fyrirsvari**

2017/EES/23/03

(Mál E-15/16)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Borgarting lagmannsrett (áfryjunnardómstóli Borgarting) frá 27. september 2016, sem var skráð í málaskrá dómstólsins 4. október 2016, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Yara International ASA gegn norska ríkinu, þar sem fjármálaráðuneytið er í fyrirsvari, að því er varðar eftirtalið atriði:

Samrýmist það 31. gr. og 34. gr. EES-samningsins að með reglum innlendra laga um framlög innan samsteypu, s.s. reglur norsku skattalaganna, en samkvæmt þeim lækkar framlagið skattskyldar tekjur framseljandans og er talið til skattskyldra tekna viðtakandans, óháð því hvort viðtakandinn tapar eða hagnast í skattalegum skilningi, sé það skilyrði sett að bæði framseljandi og viðtakandi séu skattskyldir í EES-ríkinu sem um ræðir, eða ber að túlka reglur EES-réttar þannig að veita beri undanþágu frá skattskyldu í lögsögunni, að tilteknum skilyrðum uppfylltum?

**Beiðni Frostating lagmannsrett dagsett 24. október 2016 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í máli Fosen-Linjen AS gegn AtB AS**

2017/EES/23/04

(Mál E-16/16)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Frostating lagmannsrett (áfrýjunardómstóll Frostating) frá 24. október 2016, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 31. október 2016, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Fosen-Linjen AS v AtB AS, að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Útilokar 1. mgr. 1. gr. og c-liður 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/665/EBE, eða önnur ákvæði þeirrar tilskipunar, innlendar reglur um skaðabætur, þar sem ákvörðun skaðabóta, þar eð samningsyfirvaldið hefur vikið til hliðar ákvæðum EES-reglna að því er varðar opinbera verksamninga, sem eru háðar því að
 - a) saknæmi sé fyrir hendi og því skilyrði að aðgerðir samningsyfirvaldsins víki í verulegum mæli frá réttlætunlegum ráðstöfunum?
 - b) um sé að ræða veigamikil mistök þar sem mat á saknæmi samningsyfirvaldsins er þáttur í viðtækara alhliða mati?
 - c) samningsyfirvaldið hafi framið veigamikil, stórfelld og augljós mistök?
2. Ber að túlka 1. mgr. 1. gr. og c-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/665/EBE, eða önnur ákvæði tilskipunarinnar, þannig að brot á ákvæði EES-réttar um opinber innkaup þar sem samningsyfirvald hefur ekki frelsi til þess að beita valdheimildum sínum feli í sjálfu sér í sér brot að nægilega viðurkenndu marki til þess að það geti bakað skaðabótaskyldu að tilteknum skilyrðum uppfylltum?
3. Útiloka 1. mgr. 1. gr. og c-liður 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/665/EBE, eða önnur ákvæði þeirrar tilskipunar, innlendar reglur um skaðabætur þar sem ákvörðun skaðabóta á grundvelli þess að samningsyfirvaldið hafi vikið til hliðar ákvæðum EES-réttar varðandi opinbera verksamninga sem eru háðar því að birginn, sem höfðar málið og krefst skaðabóta, sanni með skýrum hætti, það er með fullgildum yfirgnæfandi sönnunum, að [umræddur birgir] hefði átt að fá samningnum úthlutað ef samningsyfirvaldið hefði ekki gert mistök?
4. Útiloka 1. mgr. 1. gr. og c-liður 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/665/EBE, eða önnur ákvæði þeirrar tilskipunar, innlendar reglur þar sem samningsyfirvald getur losnað undan skaðabótakröfu með því að bera fyrir sig að hvað sem öðru líði hafi átt að afturkalla útboðið vegna mistaka sem samningsyfirvaldið gerði, að undanskildum mistökum sem stefnandi var valdur að, ef þau mistök áttu sér í raun ekki stað meðan á útboðsferlinu stóð? Ef samningsyfirvaldinu tekst að sýna fram á slík önnur mistök, útilokar tilskipun 89/665/EBE þá innlenda reglu þar sem birgirinn sem höfðar málið ber sönnunarbyrði fyrir því að slík mistök séu ekki fyrir hendi?
5. Hvaða skilyrði leggur meginregla EES-réttar um jafna meðferð á herðar samningsyfirvaldi að því er varðar gilda staðfestingu á upplýsingum sem eru veittar í tilboðunum og tengjast forsendunum fyrir valinu? Telst skilyrðið um gilda staðfestingu uppfyllt ef samningsyfirvaldið getur staðfest að unnt hafi verið að ráða eiginleikana sem útboðið varðar með fullnægjandi hætti af skjölum sem lögð eru fram í útboðinu? Með hversu mikilli nákvæmni þarf samningsyfirvaldið að geta staðfest eiginleika andlags samningsins sem útboðið varðar? Ef þátttakandi skuldbindur sig við tiltekna neyslutölu að því er varðar andlag útboðsins og þessi tala er tekin með í mati á tilboðum, telst skylda samningsyfirvaldsins til þess að staðfesta hana uppfyllt ef það getur staðfest að talan sé áreiðanleg, að teknu tilliti til tiltekinna óvissufrávika, t.d. um það bil plús/mínus 20 af hundraði?
6. Þegar samningsyfirvaldið á að staðfesta upplýsingarnar sem þátttakandi hefur veitt í sambandi við skilyrði útboðsins, getur það þá uppfyllt kröfuna um gilda staðfestingu tilboða skv. meginreglunni um jafna meðferð að því er viðvíkur gögnum sem koma fram annars staðar í útboðinu?

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/23/05

(mál M.8379 – SGID/Hellenic Republic/IPTO)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kínverska fyrirtækið State Grid International Development Limited („SGID“), sem lýtur yfirráðum nefndar um umsýslu og stjórn eigna í ríkiseigu á vegum ríkisráðs Alþýðulýðveldisins Kína („Central SASAC“), og gríska ríkisins, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í gríska fyrirtækinu Independent Power Transmission Operator S.A. („IPTO“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SGID: starfar á sviði fjárfestinga og reksturs fyrirtækja sem stýra flutningi og dreifingu rafmagns utan Alþýðulýðveldisins Kína, með eignir og fjárfestingar í Ástralíu, Brasilíu, Filippseyjum, Portúgal, á sérstjórnarsvæði Hong Kong og Ítalíu.
 - Lýðveldið Grikkland: stýrir IPTO í gegnum dótturfélagið sitt DES ADMIE.
 - IPTO: flutningskerfisstjóri gríska flutningskerfisins fyrir rafmagn sem ber ábyrgð á starfrækslu, stjórnun, nýtingu, viðhaldi og þróun kerfa til að tryggja að Grikkland hafi rafveitu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 124, 21.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8379 – SGID/Hellenic Republic/IPTO og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/23/06****(mál M.8388 – Ares/Baupost/Nova Eventis)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Galaxy Holding S.à r.l., sem er hluti af bandaríska fyrirtækinu Ares Management L.P. Group („Ares“) og fyrirtækið BPI 25 S.à r.l., sem er hluti af bandaríska fyrirtækinu Baupost Group L.L.C („Baupost“), öðlast með hlutafjárkaupum, í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar í Prejan Enterprises Limited sem stýrir og starfrækir verslunarmiðstöðina Nova Eventis í Leipzig í Þýskalandi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ares: kauphallarskráð alþjóðlegt eignastýringarfyrirtæki sem fjárfestir m.a. í fasteignum og stýrir íbúðar-, verslunar-, skrifstofu- og atvinnuhúsnæði í Evrópu.
 - Baupost: tækifæris- og verðmætasinnuð fjárfestingasamstæða með opið og víðtækt fjárfestingarumboð sem fjárfestir í ýmsum fjárfestingagerningum, eignaflokkum og á ýmsum landfræðilegum svæðum.
 - Nova Eventis: verslunarmiðstöð í Leipzig í Þýskalandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjórn. ESB (C 123, 20.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8388 – Ares/Baupost/Nova Eventis og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjórn. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8408 – Cinven/CPPIB/Travel Holdings Parent Corporation)

2017/EES/23/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Fifth Cinven Fund, sem lýtur yferráðum breska fyrirtækisins Cinven Capital Management (V) General Partner Limited („Cinven“), og kanadíska fyrirtækið Canada Pension Plan Investment Board („CPPIB“) öðlast í sameiningu yferráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar í Travel Holdings Parent Corporation og dótturfyrirtækjum þess („markfyrirtækið“ eða „Tourico“). Markfyrirtækið mun síðan verða sameinað Hotelbeds Travel Company, Inc., dótturfélag sem er alfarið í eigu Hotelbeds US Holdco, Inc., þar sem hið síðarnefnda lýtur sameiginlegum yferráðum Cinven og CPPIB.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Cinven: framtaksfyrirtæki sem veitir ýmsum fjárfestingarsjóðum þjónustu á sviði fjárfestingarstýringar og fjárfestingarráðgjafar.
 - CPPIB: stofnun á sviði fjárfestingarstýringar sem var sett á fót með lögum til að fjárfesta fyrir Canada Pension Plan.
 - Markfyrirtæki („Target“): verðbréfafyrirtæki á sviði ferðamála með höfuðstöðvar í Orlando í Flórída.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 124, 21.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8408 – Cinven/CPPIB/Travel Holdings Parent Corporation og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8421 – Westrock/MPS)

2017/EES/23/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið WestRock Company („Westrock“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar í fyrirtækinu Multi Packaging Solutions International Limited á Bermúdaeyju („MPS,“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Westrock: fjölpjódlegur söluaðili pappírs og umbúðalausna fyrir neytendamarkaði og markaði með bylgjupappaumbúðir. Söluaðilinn býður ýmiss konar umbúðalausnir, m.a. felliöskjur, karton, gagnakerfi, sýnislát fyrir sölustaði, pappakassa, skiptisþjöld og verndandi umbúðir fyrir neytendur í snyrtivöru-, hreinlætisvöru-, drykkjarvöru-, matvæla-, matvælaþjónustu-, heilsugæslu-, heimilis- og garða-, smásölu- og tóbaksgeiranum. WestRock framleiðir einnig kraftpappír, bleikjaðan pappír og húðaðan endurunninn pappír og býður enn fremur prentlausnir fyrir fyrirtæki.
 - MPS: starfar á sviði framleiðslu og sölu sérhæfðra umbúðalausna. Þetta felur í sér felliöskjur af miklum gæðum, t.d. gjafaöskjur, blaðaauka, m.a. dreifibréf og bæklinga, merkimiða, aðallega fyrir lyf og lækningavörur, neytendavörur og vörur í miðlunarskyni sem og stífar umbúðir fyrir ilmvatn og brennda drykki.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 122, 19.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8421 – Westrock/MPS og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8426 – Linde/PJSC Power Machines/JV)

2017/EES/23/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Linde AG og rússneska fyrirtækið PJSC Power Machines öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í rússnesku fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem heitir, sem stendur, Linde Power Machines LLC.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Linde AG: alþjóðleg gas- og tæknisamstæða sem starfar á sviði iðnaðargass, læknisfræðilegs gass, búnaðar sem og tæknistarfsemi og þjónustu. Fyrirtækið samanstendur af tveimur deildum, gasdeild og tæknideild, og smærri deild fyrir vöruferilsstjórnun.
 - PJSC Power Machines: fyrirtækið er í Rússlandi og framleiðir búnað til orkuframleiðslu og önnur tæki fyrir orkuver, einkum hverfla og rafala.
 - Linde Power Machines LLC: fyrirtækið mun starfa á sviði tækni, framleiðslu og dreifingu hitaskipta úr ryðfríu stáli fyrir einingar sem þetta jarðgas og veita tilheyrandi þjónustu og varahluti og mun fyrirtækið aðallega starfa í Rússlandi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóð. ESB (C 122, 19.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8426 – Linde/PJSC Power Machines/JV og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/23/10****(mál M.8431 – OMERS/AIMCo/Vue/Dalian Wanda Group/UCI Italia/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið The Space Cinema 1 S.p.A. („TSC“), sem lýtur óbeinum yferráðum breska fyrirtækisins Vue International Holdco Limited („Vue“), sem lýtur sameiginlegum yferráðum kanadíska fyrirtækisins Alberta Investment Management Corporations („AIMCo“) og kanadíska fyrirtækisins OCP Investment Corporation („OMERS“), og ítalska fyrirtækið UCI Italia S.p.A. („UCI Italia“), sem lýtur yferráðum kínverska fyrirtækisins Dalian Wanda Group í gegnum bandaríska fyrirtækið AMC Entertainment Holdings, Inc. („AMC“) öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu sameiginlegu verkefni (JV) í sameiningu yferráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - TSC: kvikmyndasýningar á Ítalíu þar sem fyrirtækið rekur 36 kvikmyndahús.
 - Vue: kvikmyndasýningar í Bretlandi, Ítalíu, Þýskalandi, Hollandi, Póllandi, Danmörku, Írlandi, Lettlandi, Litáen og Taívan. Vue rekur, sem stendur, alls 211 kvikmyndahús.
 - AIMCo: fjárfestir í Albertafylki í Kanada sem fjárfestir víða um heim, fyrir hönd viðskiptavina sinna, í mismunandi lífeyrissjóðum, sjóðum með verndað fjármagn (e. *endowment funds*) og sjóðum í eigu ríkisins.
 - OMERS: stýrir einum af helstu lífeyrissjóðum í Kanada, sem veitir eftirlaun, stýrir mismunandi alþjóðlegum eignasöfnum verðbréfa og skuldabréfa sem og fasteignum, innviðum og framtaksfjárfestingum í einkageiranum.
 - TSC: kvikmyndasýningar á Ítalíu þar sem fyrirtækið rekur 48 kvikmyndahús.
 - AMC: kvikmyndasýningar í Bandaríkjunum og hlutum Evrópu.
 - Dalian Wanda Group: þrenns konar aðalviðskiptastarfsemi – fjárfestingar í og rekstur atvinnuhúsnæðis, menningarfyrirbæra og fjármálastarfsemi. Samstæðan býður einnig upp á kvikmyndasýningar í Ástralíu og Kína og starfar á sviði kvikmyndaframleiðslu og -dreifingarþjónustu í Kína.
 - Sameiginlega verkefnið: þjónusta á sviði auglýsinga í kvikmyndahúsum á Ítalíu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 123, 20.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8431 – OMERS/AIMCo/Vue/Dalian Wanda Group/UCI Italia/JV og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8462 – KKR/CDPQ/USI Insurance Services)

2017/EES/23/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið KKR & Co. L.P. („KKR“) og kanadíska fyrirtækið Caisse de depot et placement du Quebec („CDPQ“) öðlast óbeint í sameiningu, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu USI Insurance Services („USI“ eða „markfyrirtækið“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KKR: alþjóðlegt fjárfestingarfyrirtæki sem er staðsett í Bandaríkjunum og býður viðskiptavinum á opinbera og einkamarkaðnum margs konar annars konar eignastýringu og veitir fjármagnsmarkaðslausnir fyrir fyrirtækið, fjárfestingarfélög þess og viðskiptavinum.
 - CDPQ: stofnanafjárfestir sem starfar um allan heim og stýrir aðallega lífeyrissjóðum í opinbera og hálfopinbera geiranum og líftryggingaáætlunum. CDPQ fjárfestir á mikilvægum fjármálamörkuðum, í óskráðum hlutabréfum, innviðum og fasteignum.
 - Markfyrirtækið: fyrirtæki á sviði tryggingamiðlunar og ráðgjafar sem starfar á sviði eigna- og skaðatrygginga, hlunninda launþega, þjónustu vegna einstaklingsáhættu, eftirlaunaáætlana og sérlausna í Bandaríkjunum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 124, 21.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni M.8462 – KKR/CDPQ/USI Insurance Services og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/23/12**
(mál M.8361 – Qatar Airways/Alisarda/Meridiana)

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. mars 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8361. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/23/13**
(mál M.8413 – Engie/Omnes Capital/Prédica/Engie PV Besse/Engie PV Sanguinet)

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. apríl 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8413. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/23/14**
(mál M.8428 – CVC/Żabka Polska)

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. apríl 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8428. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/23/15**
(mál M.8430 – AÜW/Siemens/Egrid)

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. apríl 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8430. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2017/EES/23/16**
(mál M.8442 – Ardian/Groupe Prosol)

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. apríl 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8442. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.